

27

25. febr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.*

**Björn Ólafsson.**

*Magnús Gíslason.*

28

25. febr.

## REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan sumar-tímareikning á Íslandi yfir bjartari mánuði ársins þannig, að klukkan verði á þeim tíma færð fram um eina klukkustund frá íslenskum meðaltíma. Kemur þetta þannig til framkvæmda, að klukkan 1 aðfaranótt fyrsta sunnudags í marzmánuði ár hvert færist klukkan fram og verður 2, og klukkan 2 aðfaranótt fyrsta sunnudags í vetri færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður eitt.

*Dómsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.*

**Einar Arnórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

29

26. febr.

## REGLUR

um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Reykjavík, sem gjaldskyldur er við aðalniður-jöfnun árið 1943, skal greiða upp í útsvar þessa árs 45% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1942, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1943, 15% af útsvarinu 1942 hverju sinni.

2. gr.

Allar greiðslur samkvæmt þessum reglum skulu standa á heilum eða hálfum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 45% af útsvarinu 1942.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkv. reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 45% af útsvarinu 1942 fyrir 20. apríl 1943.

4. gr.

Nú er sýnt, að tekjur gjaldanda árið 1942 samkv. skattaframtali hafi verið minni en árið 1941, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkvæmt reglum þessum hlutfallslega, ef hann krefst þess.